

Kreppa og stríð 1930–1945

Kreppuljóð

Eftirfarandi ljóð **Sigurðar Einarssonar** er dæmigert ljóð ort á tímabili kreppu og stríðs 1930–1945. Lestu vel það sem segir um kreppuljóð í bókmenntasögunni, lestu síðan ljóð Sigurðar Einarssonar og svaraðu spurningunum sem því fylgja.

Dagurinn kemur!

Dagurinn kemur! Þið heyrðið herbresti nú
af hugsunum þeirra sem boða tíðindin góðu.
Og líttu upp, vinur. Finn hinn svarrandi súg,
hann sviftir af augunum ryki og gamalli móðu.
Og láttu ekki skelfast, – um skuggadali vors lands
fer skúraveður, en þú hefur séð það áður.
Það braust um eldur í orði hvers frjálsborins manns,
sem ok sitt hristi, þótt hann væri snauður og hrjáður.

Og réttu bakið! Um ríki veraldar öll
hin ráfandi hjörð er orðin að sjáandi mönnum.
Og sjá hinn mikla flokk, sem gnæfandi fjöll,
hann flykkist um strætin í breiðum, skínandi hrönnum.
Á daginn týndur í verksmiðjum heldur hann vörð,
hann veltist og skríður sem ormur í námanna göngum.
Á kveldin frjáls og hann finnur hann á þessa jörð,
hvert fley, sem líður, hvert brauðax á kornsins stöngum.

Og sjá! Hann vex þessi lifandi, máttugi múr
af mönnum, konum, snauðum en stoltum og frjálsum.
Þeir byggja hann hvern dag í Boston, Finnlandi og Ruhr,
er blóðöx harðstjórans ríður að smælingja hálsnum.
Þeir bera sem aðalsmark böll sitt og aldalangt tjón,
þeir bíta á jaxlinn, sem verstir eru til reika.
Þeir veina af kvöl, en hvert kvein ber skjálfandi tón
í kórið mikla, er siguróðinn skal leika.

Og undragleði fer eldi um mannanna sál,
í aumingjans hreysi tendra vonirnar loga.
Í þrælsins nöldur og öreigans magnlausu mál
færist máttur og ægikyngi af nýjum toga.
Það er eins og lýsi af elding öldunga sjón
og örvona þúsundir mitt í dauðanum segi:
Nú lætur þú fara í friði hinn lúna þjón,
nú finn ég hjálpræðið nálgast með hverjum degi.
(Hamar og sigð, 1930)

1. *Dagurinn kemur* flokkast undir baráttuljóð, hvers vegna? Ýtarlegt svar með mörgum dæmum úr ljóði.
2. Hver er það sem brýnir eða hvetur, oft á persónulegan hátt? Hverjir eiga að meðtaka hvatninguna í ljóðinu?
3. „Og líttu upp, vinur. . . Og réttu bakið!“ er ljóðmælandinn látinn segja í ljóðinu. Hvaða hlutverki gegnir slíkt orðfæri í ljóðinu?
4. Höfundur notar óspart myndmál til að koma boðskap sínum áleiðis. Hér eru nokkur dæmi sem þú átt að útskýra:
 - a. Hvaða *dagur* er t.d. þetta sem Sigurður Einarsson yrkir um í ljóðinu? (Sbr. heiti ljóðs)
 - b. Hvaða táknrænan skilning má leggja í *skuggadali*, *ryk* og *gamla móðu* og *skúra-veður* í 1. erindinu?
 - c. Hverjum er líkt við skríðandi *orma* í námugöngum í 2. erindi?
 - d. Í 3. erindi segir svo „máttugi múr / af mönnum, konum, snauðum en stoltum og frjálsum. / Þeir byggja hann hvern dag í Boston, Finnlandi og Ruhr,“ Hvað á höfundur við með þessu?
 - e. Í 3. erindi segir líka svo: *í kórið mikla, er siguróðinn skal leika*. Útskýrðu líkinguna.
5. Hver er boðskapur ljóðsins? Hvað vill höfundur segja lesandanum með því?
6. Ljóðið er römm ádeila. Rökstyddu þessa fullyrðingu. Gleymdu ekki að lýsa ádeilunni sem kemur fram í ljóðinu. (Sjá ádeilu í kafla um stílbrögð.)
7. Í lokalínunum síðasta erindis er að finna vísun. Útskýrðu hana og tengdu meg-inboðskap ljóðsins.
8. Hvað segir heiti ljóðabókarinnar, *Hamar og sigð*, lesandanum?